

HÚSÖNDIN

39. tbl. 3. árg.
27. október. 2020

Fréttablað Mývatnssveitar, husondin@gmail.com
Útgefandi og ábyrgðarmaður: Arnþrúður Dagsdóttir

sími:
8492804

AFMÆLISBÖRN DAGANA 28. OKTÓBER - 3. NÓVEMBER

- 28.10. Ingibjörg Helga Jónsdóttir, Sölvi Karlsson
Sesselja Lóa Þöll Halldórsdóttir
29.10. Hjördís Finnbogadóttir, Axel Jónas Stefánsson,
30.10. Sebastian Rojek, Katrín Briem
31.10. Hermann Kristjánsson
2.11. Þuríður Helgadóttir



MENNINGARMÍÐSTÖÐ PINGEYINGA

Björn Ingólfsson mun halda erindi sem hann nefnir
„Lífið í Fjörðum“ fimmtudaginn 29. október
kl. 20:30 í Safnahúsinu á Húsavík.

Erindið er tengt sýningu á málverkum af torfbæjum
á Gjöggraskaga og í Flatey.

Frítt er inn á erindi Björns.
Hámarksfjöldi 20

Erindinu verður streymt á **Facebook síðu** okkar:
<https://www.facebook.com/husavikmuseum>



Skútustaðahreppur

Auglýsing um breytingu deiliskipulagi Voga 1

Sveitarstjórn Skútustaðahrepps samþykkti þann 11. mars 2020 að auglýsa tillögu að breyttu deiliskipulagi frístundabyggðar í landi Voga 1 skv. 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Deiliskipulagsbreyting fer fram í kjölfar óverulegrar breytingar á aðalskipulagi sem var staðfest þann 30. september 2020

Deiliskipulagsbreytingin snýr að því að bætt verði við lóð fyrir íbúðarhús við núverandi frístundalóðasvæði og stærð frístundalóðarinnar F5 minnkar.

Tillöguuppdráttur með greinargerð mun liggja frammi á skrifstofu Skútustaðahrepps, Hlíðavegi 6, 660 Mývatn, frá og með fimmtudeginum 22. október til og með föstudeginum 4. desember 2020. Þá eru upplýsingar einnig aðgengilegar á heimasíðu Skútustaðahrepps: www.skutustadahreppur.is undir flípanum skipulagsauglýsingar.

Þeim sem telja sig eiga hagsmuna að gæta er gefinn kostur á að gera athugasemdir við tillöguna. Frestur til að skila inn athugasemdum rennur út föstudaginn 4. desember 2020. Skila skal athugasemdum skriflega til skrifstofu Skútustaðahrepps, Hlíðavegi 6, 660 Mývatn og/eða í tölvupósti á netfangið: atli@skutustadahreppur.is. Þeir sem ekki gera athugasemdir við tillöguna innan tilskilins frests teljast henni samþykkir.

Allar nánari upplýsingar veitir undirritaður.

Atli Steinn Sveinbjörnsson,
Skipulagsfulltrúi Skútustaðahrepps